



Borgarráð

***Krókháls 7 A - sala byggingaréttar á föstu verði***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að auglýsa lóðina Krókháls til sölu á föstu verði kr. 30.000.000. Auk greiðslu fyrir byggingarrétt greiðast um kr. 84.084.500. í gatnagerðargjald miðað við gatnagerðargjöld í ágúst 2019. Fjárhæð gatnagerðargjalda getur breyst til hækkunar eða lækkunar við álagningu þeirra við innlögn byggingarnefndateikninga.

*Greinargerð:*

Lóðin var boðin út á árinu 2017 án þess að sala á henni hafi gengið eftir. Borgarráð samþykkti í ágúst sl. að auglýsa lóðina Krókháls 7a á föstu verði á kr. 58.725.000. fyrir byggingarrétt. Komið hefur í ljós að kostnaður við jarðvinnu er mun meiri en gert er ráð fyrir og hafa mögulegir kaupendur því hætt við kaup á þessari lóð. Á grundvelli þess að kostnaður við að nýta þessa lóð er verulegur er talið rétt að lækka verð lóðarinnar.

Óli Jón Hertervig